



Reykjavík, 11. nóvember 2025
MSS24020013 / USK251004001

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Lyfsöluleyfi - Lyfjabúð að Ármúla 9

Vísað er til erindis Lyfjastofnunar, dags. 23. október sl. þar sem óskað er umsagnar Reykjavíkurborgar vegna umsóknar um nýtt lyfsöluleyfi með vísan til 5. mgr. 34. gr. lyfjalaga nr. 100/2020. Skrifstofa borgarstjórnar vísaði erindinu til umsagnar skipulagsfulltrúa sem veitti jákvæða umsögn.

Mælt er með því að borgarráð samþykki framlagða umsögn skipulagsfulltrúa.

Virðingarfyllst,

Dís Sigurgeirsdóttir
Skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:
Erindi Lyfjastofnunar, dags. 23. október 2025.
Bréf skipulagsfulltrúa ásamt umsögn, dags. 11. nóvember 2025.

Borgarstjórn Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 23.10.2023
Tilv. M-2025-10-4633

Efni: Umsagnarbeiðni – Nýtt lyfsöluleyfi

Lyfjastofnun barst 23. október 2025 umsókn frá lyfjafræðingi um lyfsöluleyfi fyrir nýja lyfjabúð að Ármúla 9, 108 Reykjavík.

Samkvæmt 5. mgr. 34. gr. lyfjalaga nr. 100/2020 **skal Lyfjastofnun senda umsóknir um ný lyfsöluleyfi viðkomandi sveitarstjórn til umsagnar.** Fram kemur í ákvæðinu að við mat umsóknar skuli m.a. stuðst við íbúafjölda að baki lyfjabúðinni og fjarlægð hennar frá næstu lyfjabúð. Leggist umsagnaraðili gegn veitingu leyfis er Lyfjastofnun heimilt að hafna umsókninni.

Með vísan til framangreinds óskar Lyfjastofnun hér með eftir umsögn borgarstjórnar Reykjavíkur um umsóknina. Þess er óskað að umsögnin berist svo fljótt sem auðið er og **eigi síðar en 13. nóvember nk.**

F.h. Lyfjastofnunar,

Kristinn Páll Sigurbjörnsson

Bréf þetta er undirritað með fullgildri rafrænni undirskrift samkvæmt lögum nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.



Skrifstofa borgarstjórnar
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 11. nóvember 2025
USK25100401

Hér með sendist útskrift úr fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 11.11.2025 varðandi eftirfarandi mál:

Ármúli 9 - Nýtt lyfsöluleyfi - Umsagnarbeiðni

Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 23. október 2025, ásamt bréfi bréf Lyfjastofnunar, dags. 23. október 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Reykjavíkurborgar vegna umsóknar um lyfsöluleyfi fyrir nýja lyfjabúð að Ármúla 9. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 11. nóvember 2025.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 11. nóvember 2025, samþykkt.

F.h. skipulagsfulltrúa
Helena Stefánsdóttir

Fylgiskjal: umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 11. nóvember 2025.




Reykjavík




Reykjavík, 11. nóvember 2025
USK25100401

Umsögn skipulagsfulltrúa – nýtt lyfsöluleyfi – Ármúla 9

Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 23. október 2025, ásamt bréfi bréf Lyfjastofnunar, dags. 23. október 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Reykjavíkurborgar vegna umsóknar um lyfsöluleyfi fyrir nýja lyfjabúð að Ármúla 9.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin í Ármúla 9 borgarluta 5 Háaleiti Bústaðir og er hluti af miðsvæði, M2c, Múlar – Suðurlandsbraut – Laugardalur.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir reitinn, samþykkt í borgarráði 30. apríl 2002, ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á veitingu lyfsöluleyfis fyrir nýrri lyfjabúð í húsinu að Ármúla 9.

Um M2c, d, e, f, g. Múlar – Suðurlandsbraut – Laugardalur segir í kafla 6.1.2 í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040:

Einkum gert ráð fyrir skrifstofum, rýmisfrekri smásöluverslun, stofnunum, ráðgjafar- og þjónustufyrirtækjum, fjármálastarfsemi, veitingastöðum og hótélum. Léttur iðnaður er heimill á svæðum M2c-e, s.s. prentiðnaður og verkstæði, þar sem aðstæður leyfa. Íbúðarhúsnæði er heimilt, einkum þó á efri hæðum bygginga enda verði tryggð viðeigandi gæði á lóðum viðkomandi bygginga, samanber nánari ákvæði þar um í deiliskipulagi. Á svæði M2e verður þó mögulegt að breyta atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði með grenndarkynntu byggingarleyfi, sbr. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga, án þess að gert sé deiliskipulag. Í umsókn um byggingarleyfi af því tagi þarf umsækjandi að gera grein fyrir fyrirkomulagi lóðar svo sem vegna aðkomu, bílastæða, sorplosunar



Reykjavík



og dvalarsvæða. Gera þarf grein fyrir því hvaða starfsemi er til staðar á lóðinni og í viðkomandi húsnæði og að staðsetning nýrra íbúða hamli ekki þeirri starfsemi sem er fyrir. Við hönnun íbúða skal leggja áherslu á fjölbreyttar íbúðargerðir og stærðir og metnaðarfulla hönnun. Á svæði M2f, Blómavalsreit (nr. 39, sjá Mynd 3), er heimilt að byggja eingöngu íbúðarhúsnæði. Á svæði M2g er gert ráð fyrir blöndu verslunar, þjónustu, skrifstofa og íbúða. Lágrest byggð (2–4 hæðir) sem fellur að götummynd Suðurlandsbrautar og með opnum sjónásum til dalsins. Mögulegt byggingarsvæði er háð því að Suðurlandsbraut verði endurhönnuð og skal miða við að ekki verði gengið á græn útivistar- og íþróttasvæði í Laugardalnum.

Þegar mat er lagt á það hvort að hægt sé að koma fyrir nýrri lyfjabúð skal skoða íbúafjölda í hverfinu sem og fjarlægð nýrrar lyfjabúðar frá næstu lyfjabúða.

Í borgarhluta 5, Háaleiti-bústaðir búa 16.917 manns og nær borgarhlutinn yfir nokkuð stórt svæði. Í borgarhlutanum eru skv. borgarvefsjá sjö hverfi í borgarhlutanum.

Sjö lyfjabúðir eru í borgarhlutanum. Þær eru staðsettar: við Sogaveg 108, Háaleitisbraut 68, Efstaleiti 27b, Kringlunni 4-12, Miklabraut 101, Suðurlandsbraut 22 og Lágmúla 5.

Næsta apótek er í 400 metra fjarlægð við Ármúla 9. Nokkuð er um heilbrigðisþjónustu í borgarhlutanum og því er ekki gerð skipulagsleg athugasemd við að ný lyfjabúð verði starfrækt í Ármúla 9. Samkvæmt skipulagi svæðisins er heimiluð starfsemi lyfjabúðar.

Niðurstaða

- Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við erindið.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar
verkefnastjóri



Reykjavík